



Skrekkur 2025

í Borgarleikhúsinu 3., 4. og 5. nóv. og úrslit 10. nóv.

Reglur

1. Grunnskólar Reykjavíkur með unglingastig (8. 9. og 10. bekkir) hafa leyfi til að senda eitt atriði í keppnina.
2. Allar listgreinar og hverskonar atriði eru leyfileg.
3. Lengd atriðis er allt að 6 mínútur.
4. Ekki er leyfilegt að „mæma“ eftir söng í keppninni, það er að láta líta svo út sem söngur sem leikinn er í hljóðkerfi fari fram á sviðinu. Sama á við um hljóðfæraleik.
5. Atriðið má aðeins fara fram á sviði, ekki í sal Borgarleikhússins
6. Val á atriði verður að fara fram innan grunnskólans.
7. Hugmynd að atriði verður að koma frá grunnskólanemendum en ekki frá utanaðkomandi aðila. Atriðin eiga að vera unnin af nemendum frá hugmynd til sviðsetningar. Hlutverk fullorðinna er að vera til halds og trausts fyrir hópinn og leiðbeina í gegnum ferlið.
8. Þátttakendum er skipt niður á þrjú kvöld og komast tveir grunnskólar áfram úr hverju kvöldi. Eftir undanúrslitakvöldin þrjú mun dómnefnd velja tvo grunnskóla til viðbótar áfram í úrslit. Þeir tveir grunnskólar sem dómnefnd velur áfram fá tilkynningu fyrir hádegi á fimmtudegi. Átta grunnskólar keppa um SKREKKINN á úrslitakvöldi.
9. Hver grunnskóli fyrir sig verður að hafa ljósamann, hljóðmann og sviðsmenn.
10. Hámarksfjöldi keppenda er 35 þar með taldir listamenn, ljósamaður, hljóðmaður og aðrir.
11. Ef tónlist/hljóð er við atriðið þarf að koma með endanlegt afrit af henni á æfingu á keppnisdegi, á usb lykli og hlaðið upp á google drive sem skólarnir aðgang að (auk öryggiseintaks), vel merkt og stillt upp í réttri röð miðað við atriðið. Mikilvægt er að hljóðgæði séu mikil.
12. Allir hópar sem taka þátt skila inn lýsingu á atriði hópsins, hvernig það var unnið og skrá yfir heimildir ef notað er efni eftir aðra. Á það við um söguþráð, söngtexta, búninga, tónlist/hljóð eða hvaðeina sem notað er. Dómnefnd fær þessar upplýsingar. Þessu þarf að skila í síðasta lagi í gegnum google forms fyrir hádegi á föstudegi fyrir undanúrslit. Fylla skal út skjal sem finna má á vef Skreks – „Lýsing á atriði og heimildaskrá“. www.reykjavik.is/skrekkur
13. Hafa skal jafnréttissjónarmið í huga við allar ákvarðanir sem teknar eru um Skrekk og við þátttöku í Skrekk; hvaða áhrif hver ákvörðun hafi á jafnrétti og hvernig hægt sé að taka ákvarðanir þannig að þær stuðli að því að öll kyn fái notið sín og að þátttökuhópurinn endurspegli fjölbreytileika nemenda í skólanum.
14. Ekki er leyfilegt að nota glimmer, feit efni eða hál (samanber þeyttan rjóma) eða opin eld á sviði (reglur frá Borgarleikhúsi). Ef þið hafið spurningar sendið þær á skrekkur@reykjavik.is
15. Dómnefnd er skipuð listamönnum eða öðru fagfólki að sviði lista.
16. Skilyrði fyrir þátttöku er að farið sé eftir þessum reglum.

Tækjalisti - Stærð á sviði er 12 metrar á breidd og 10 metrar á dýpt

Hljóð: Öflugt hljóðkerfi fyrir sal, monitorar (hátalarar fyrir listamenn á sviði), 3 hljóðnemar

á stöndum, 8 þráðlausir handhljóðnemar, 3 „overhead“ hljóðnemar t.d. fyrir trommur, 3 DI box, hljómborð.

Ljós: Baklýsing, hliðarlýsing (balletstigar), framlýsing, Róbótar, 2 eltiljós, mistvél og skjávarpi.